

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010, skal vera 13.950 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010, skal vera 8.406 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal ligga fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

#### 4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, auk handsömunar, vörslu og skila dýranna eða aflífunar.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað	17.465 kr.
fyrir annað skipti	22.230 kr.
fyrir þriðja skipti	29.000 kr.

Að auki skal greiða 3.516 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu.

Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útagðan aflífunarkostnað.

#### 5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útagðan kostnað við ormahreinsun.

#### 6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald í Vopnafjarðarhreppi nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald í Vopnafjarðarhreppi nr. 705/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2023. Jafnfraamt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði nr. 1623/2021.

*Samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, 15. desember 2022.*

**Sara Elísabet Svansdóttir** sveitarstjóri.